

Gott kvöld,

Ég sem einstaklingur og íslenskur ríkisborgari, vil hér með koma á framfæri stuðningi mínum, við frumvarp um bann við blóðmerahaldi.

Ég tel að mikilvægt sé að stuðla að velferð dýra í hvívetna. Ljóst er að merar á Íslandi sæta oft harðræði og misþyrmingu við blóðtöku. Slíkt er með öllu óásættanlegt og ólíðandi.

Með þessu frumvarpi gefst tækifæri til að draga úr og vonandi koma algjörlega í veg fyrir slíkt harðræði gegn saklausum og skyni gæddum merum.

Virðingarfyllst,

Soffia Magnusdóttir

Dagsetning: 17.janúar 2022